

og fullan aðgang að öllum þeim húsum þar sem hænsni eru geymd. Ef skoðunarmaður **225** telur nauðsynlegt, er hænsnaeiganda og skylt að veita fullkomnar upplýsingar um **30. okt.** hverjir hafi keypt af honum unga og egg til útungunar.

6. gr.

Sá sem framkvæmir prófanir vegna kjúklingasóttar tekur þóknun fyrir af hænsnaeiganda samkvæmt gjaldskrá, er landbúnaðarráðherra setur.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar missi réttinda til þess að selja unga og út-ungunaregg eitt ár eða lengur, og endurgreiða skal hinn brotlegi að hálfu andvirði seldrar vöru frá því er brotið var framið, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 11 23. apríl 1928 og lögum nr. 144 22. desember 1947, öðlast gildi 1. janúar 1951, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. október 1950.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

226

um viðauka við reglugerð frá 13. júlí 1950, um söluskatt.

31. okt.

1. gr.

Á eftir „steinkol og brúinkol“ í 3. gr. komi:
27 2 Koks.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 100 1948, um dýr-tíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sbr. lög nr. 24 1950, um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 31. október 1950.

Eysteinn Jónsson.

Kristján Thorlacius.

AUGLÝSING

227

um breyting á kærufresti til ríkisskattanevndar.

31. okt.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 1946, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar, út af tekju- og eignarskatti álögðum í Reykjavík, vera til 15. nóvember 1950.

Fjármálaráðuneytið, 31. október 1950.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Kristján Thorlacius.